



## Mannauðsstefna Colas Ísland hf.

Markmið mannauðsstefnunnar er að vinna gegn mismunun og tryggja jafnrétti einstaklinga óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynheigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu og þannig stuðla að starfsánægju og að fyrirtækið hafi yfir að ráða hæfasta starfsfólki sem völ er á.

Fyrirtækið heldur úti jafnlaunakerfi vottuðu samkvæmt ÍST 85:2012 og skuldbindur sig til þess að vinna að stöðugum umbótum þess, hafa eftirlit með stöðu þess og bregðast við ef frávik koma upp. Fyrirtækið skuldbindur sig til þess að fylgja lögum og reglugerðum sem um jafnréttismál gilda og tryggja að konum, körlum og fólki með hlutlausu skráningu kyns séu greidd jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Allir starfsmenn eiga að þekkja og skilja siðareglur Colas auk gæða-, öryggis- og umhverfisstefnu fyrirtækisins og stefna að því markmiði að Colas sé í fararbroddi á sínu sviði.

### Starfsumhverfi og samskipti

- Samskipti starfsfólks eru jákvæð og uppbyggjandi og það er sameiginlegt hlutverk allra starfsmanna að skapa góðan vinnustað og góðan starfsanda.
- Lögð er áhersla á jákvæða fyrirtækjamenningu með sterkri liðsheild.
- Allir starfsmenn taka þátt í að skapa vinnuumhverfi sem er laust við einelti, fordóma, áreitni, kynferðislegt- og kynbundið áreitni og ofbeldi.
- Stjórnendur eru til fyrirmyndar og leitast við að byggja upp gott starfsumhverfi og öfluga liðsheild.
- Lögð er áhersla á að vinnuaðstaða og búnaður geri starfsfólki kleift að sinna starfinu á sem bestan hátt.

### Öryggi og heilsa

- Við setjum öryggismálin í forgang, sameiginlega berum við ábyrgð á að farið sé eftir ítrustu öryggiskröfum.
- Vinnuumhverfið okkar fullnægir ávallt kröfum um vinnuvernd, góðan aðbúnað og öruggt starfsumhverfi þar sem stöðugt er unnið að umbótum.
- Starfsfólk er hvatt til að huga að heilsunni og styður fyrirtækið við það m.a. með reglubundnum heilsufarsskoðunum og veitingu íþróttastyrkja til starfsmanna.

### Ástundun og framkoma

- Við erum stundvís og sinnum störfum okkar af heilindum.
- Við sýnum hvort öðru og viðskiptavinum okkar kurteisi og virðingu.
- Einelti, fordómar, ofbeldi og hvers kyns áreitni er ekki liðin.



## Fræðsla og starfsþróun

- Við leggjum áherslu á að efla hæfni og fagmennsku starfsmanna með því að fjárfesta í fræðslu og þjálfun. Starfsfólki bjóðast fjölbreyttir möguleikar til fræðslu og starfsþróunar.
- Starfsþróun er sameiginlegt verkefni starfsmanna og fyrirtækisins.

## Jafnrétti

- Lögð er rík áhersla á jafnrétti og að allir fái notið sín í starfi án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags eða fötlunar.
- Starfsfólk er metið á eigin forsendum og jafnræðis gætt í hvívetna (sjá nánar í [Jafnréttisáætlun STE-0020](#)).

## Ráðningar

- Við leggjum áherslu á að ráða hæft, framsækið og kraftmikið starfsfólk þar sem hæfni og fagþekking einstaklinga er höfð að leiðarljósi við ráðningar og jafnræðis gætt.
- Við tökum vel á móti nýju starfsfólki og nýir starfsmenn fá nauðsynlega þjálfun. Reyndir starfsmenn gegna stóru hlutverki í þjálfun nýliða.